



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPISTAND!
ARI ELDJÁRN
OG SINFÓ

27. - 29. SEPTEMBER
2018



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](#) / [#sinfó](#)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIN 27 SEP 19:30 FÓ 28 SEP 19:30 FAN 29 SEP 17:00

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

ARI ELDJÁRN OG SINFÓ: UPPISTAND!

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri

Ari Eldjárn
uppistandari

EFNISSKRÁ

Richard Strauss

Also sprach Zarathustra

Edvard Grieg

Í höll dofrakonungs

Edward Elgar

Úr Pomp and Circumstance

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5, 1. þáttur

Jacques Offenbach

Can-Can

Edward Elgar

Nimrod úr Enigma-tilbrigðunum

John Williams

Súpermann

Hlé

Alfred Newman

Kynningarstef 20th Century Fox

Richard Wagner

Valkyrjureiðin

Georges Bizet

Carmen, forleikur

Wolfgang Amadeus Mozart

úr Eine kleine Nachtmusik

Gioacchino Rossini

Vilhjálmur Tell, brot úr forleik

Nikolaj Rimskíj-Korsakoff

Býflugan

Aram Khatsjatúrjan

Sverðdansinn

John Williams

Titilstefið úr Star Wars



BERNHARÐUR WILKINSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bernharður Wilkinson hóf tónlistarferil sinn sem kórdrengur við Westminster Abbey í Lundúnum. Hann kom til Íslands árið 1975 að loknu námi í flautuleik við Royal Northern College of Music og réðst til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann kenndi um árabíl við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einn af stofnfélögum Blásarakvintetts Reykjavíkur. Bernharður hefur verið búsettur í Færeyjum um nokkurra ára skeið en er eftir sem áður mikilvirkur í íslensku tónlistarlífi sem flytjandi og stjórnandi.

Bernharður var stjórnandi á tónleikum Páls Óskars og Sinfó og tónleikum Sigríðar Thorlacius og Sigurðar Guðmundssonar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands sem nutu eindæma vinsælda. Þá hefur Bernharður í tvígang leitt tvær kraftmestu hljómsveitir íslensks menningarlífs saman á sviði Eldborgar - fyrst á þrennum tónleikum haustið 2013 og í fjórgang nú í ágúst. Hér er að sjálfsgöðu átt við Sinfóníuhljómsveitina og þungarokkshljómsveitina Skálmöld í eftirminnilegum sinfónískum járnbræðingi.



ARI ELDJÁRN

UPPISTANDARI

Ari Eldjárn er einn vinsælasti uppistandari þjóðarinnar og hefur haldið á fjórða hundrad uppstandssýninga með félögum sínum í uppistandshópnum Mið-Íslandi. Hann kemur reglulega fram á öllum Norðurlöndunum og í fyrra fékk hann hástemmt lof fyrir uppistand sitt á Edinborgarhátíðinni í Skotlandi. Ari hefur margoft tekið þátt í að skrifa og leika í Áramótaskaupinu og setur þar að auki árlega á svið sína eigin áramótasýningu í Háskólabíói sem ber nafnið „Áramótaskop“. Þá hefur hann stigið á svið með hljómsveitum á borð við Pursaflokkinn og Baggalút og hefur áður komið fram með Sinfóníunni á Menningarnótt 2015 og á þrennum tónleikum í febrúar síðastliðins árs þar sem uppistandi var fléttað saman við kynningar á klassískum tónverkum. Þeir tónleikar eru nú endurteknir vegna fjölda áskorana og segir aðsóknin allt sem segja þarf um vinsældir Ara Eldjárns.

UM TÓNLISTINA

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

Richard Strauss (1864–1949) fæddist í Suður-Þýskalandi. Hann var mjög afkastamikill tónsniður og er talinn eitt fremsta tónskáld 20. aldarinnar. Strauss samdi m.a. 16 óperur og njóta margar þeirra ennþá gífurlegra vinsælda. Þá skrifaði hann mörg tónaljóð en í slíkum verkum er sögð saga í tónum. Eitt þekktasta tónaljóð Richards Strauss er *Also sprach Zarathustra* eða *Svo mælti Zarapústra* sem byggir á samnefndri skáldsögu heimspekingsins Friedrichs Nietzsche. Hljómsveitin leikur upphaf verksins sem lýsir sólarupprás en þetta stef notaði kvikmyndaleikstjórinn Stanley Kubrick í byrjunaratriði Óskarsverðlaunamyndar sinnar *2001: A Space Odyssey* sem talið er vera eitt frægasta atriði kvikmyndasögunnar.

Í HÖLL DOFRAKONUNGS

Edvard Grieg (1843–1907) er í hópi helstu tónskálda rómantíska tímabilsins. Hann fæddist og bjó í Bergen í Noregi og heita margar menningarstofnanir borgarinnar eftir honum, m.a. tónlistarháskólinn og stærsta tónleikahöllin, Grieghallen. Grieg lærði við tónlistarháskólann í Leipzig og eru verk hans undir sterkum áhrifum frá þýskri rómantik en notkun hans á þjóðlögum heimalandsins gera tónlist hans persónulega. Grieg átti auðvelt með að líkja eftir einfaldleika þjóðlagsins í frumsömdum lögum og er tónlistin við leikrit Henriks Ibsen um Pétur Gaut gott dæmi um það. Í atriðinu sem við heyrum í dag er Pétur Gautur staddur í höll dofrakonungs og lýsir tónlistin dansi dverganna og eltingarleik þeirra við Pétur. Verkið var notað með eftirminnilegum hætti í kvikmyndinni *The Social Network*.

SINFÓNÍA NR. 5, 1. ÞÁTTUR

Ludwig van Beethoven (1770–1827) var þýskt tónskáld en hann bjó nánast alla starfsævi sína í Vínarborg. Fimmta sinfónían er líklega þekktasta tónverk sígildra tónbókmennta og eitt af þeim tónverkum sem oftast heyrast í tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Upphafsmótífið, endurteknu nóturnar fjórar sem birtast í einhverri mynd í öllum köflum sinfóníunnar er sagt vera örlögín að knýja dyra. Sköpunarár sinfóníunnar voru vissulega mikill átakatími í lífi tónskáldsins sem hið innra horfðist í augu við þverrandi heyrn og umhverfis hann geisaði styrjaldarófriður. Tónlistin í fyrsta kaflanum er eirðarlaus og þrúgunin spennu sem aðeins einu sinni slaknar þegar óbúið kveður sér hljóðs í stuttri kadensu.

POMP OG PRAKT

Edward Elgar (1857–1934) fæddist í Lower Broadheath sem er lítið þorp nálægt Worcester á Vestur-Englandi. Hann hlaut tónlistarmenntun hjá föður sínum en var að mestu leyti sjálfmenntað tónskáld. Elgar hóf ungur að vinna fyrir sér á heimaslóðum sem tónlistarkennari, hljóðfæraleikari, kórstjóri og hljómsveitarstjóri. Árið 1889 flutti hann ásamt konu sinni til London og náði hægt og bitandi að skapa sér nafn sem eitt fremsta tónskáld Bretlandseyja. Árið 1901 samdi Elgar syru af fimm mörsum fyrir sinfóníuhljómsveit sem hann nefndi *Pomp and Circumstance* (*Pomp og prakt*). Skömmu síðar fékk tíguleg laglína í miðhluta fyrsta marsins texta og úr varð sálmalagið *Land vonar og djrðar* sem hefur allar götur síðan verið einn dádasti sálmur Bretaveldis.

CAN-CAN

Jacques Offenbach (1819–1880) er helsta óperettutónskáld Frakka. Hann samdi hátt í 100 óperettur og hafði mikil áhrif á önnur óperettutónskáld, til að mynda Johann Strauss og Franz Lehár. Offenbach samdi einnig óperuna *Ævintýri Hoffmanns* sem er eitt vinsælasta verk hans. Af óperettunum er *Orfeus í undirheimum* þekktust en hún var sýnd mörg hundruð sinnum eftir frumsýninguna í París 1858. Í 2. þætti óperunnar hljómar smellurinn *Can-Can* undir villtum, samnefndum dansi. Lagið sem og dansinn hefur notið gífurlegra vinsælda og þekkinga hann margir úr myndinni *Moulin Rouge* eða *Rauðu myllunni*.

NIMROD

Edward Elgar samdi um ævina fjöldamörg tónverk. Meðal verka (að ógleymdum *Pomp og prakt*-marsinum) sem náð hafa hvað mestum vinsældum er lagið *Salut d'Amour* fyrir fiðlu og píanó sem leikið er af ýmsum hljóðfærum við hátíðleg tækifæri, sellókonsertinn í e-moll og *Enigma-tilbrigðin*. Það verk samanstendur af fjórtán tilbrigðum við frumsamið stef. Níunda tilbrigðið, *Nimrod*, er oft leikið eitt og sér og var til dæmis flutt við setningu Ólympíuleikanna í London 2012. Þá lék Sinfóníuhljómsveit Íslands kaflann oft sem aukalag á tónleikum erlendis í tíð Rumons Gamba sem aðalhljómsveitarstjóra.

SÚPERMANN

John Williams (f. 1932) er eitt afkastamesta og virtasta kvikmyndatónskáld allra tíma. Eftir hann liggur tónlist við ríflega 100 kvikmyndir og sjónvarpsmyndir. Ferilinn hóf hann árið 1959 með myndinni *Daddy-O*, en meðal eftirminnilegra mynda með tónlist hans eru *Jaws* (1975), *Star Wars* (1977), *Close Encounters of the Third Kind* (1977), *Jaws 2* og *Superman* (1978), *Indiana Jones*-kvikmyndirnar (1984, 1989 og 2008), *Home Alone* myndirnar (1990 og 1992), *Jurassic Park* og *Schindler's List* (1993), *Saving Private Ryan* (1998), fyrstu þrjár *Harry Potter* myndirnar (2001–2004), *Ævintýri Tinna* (2011) og *Star Wars: The Force Awakens* (2017). Þá semur hann tónlist við *Star Wars: Episode IX* sem frumsýnd verður á næsta ári.

KYNNINGARSTEF 20TH CENTURY FOX

Alfred Newman (1900–1970) var bandarískt tónskáld, útsetjari og hljómsveitarstjóri sem allan starfsferilinn naut mikillar virðingar og er ásamt Max Steiner og Dmitri Tiomkin álitinn einn af þremur guðfæðrum kvikmyndatónlistarinnar. Vann hann til þriggja Óskarsverðlauna og var tilnefndur fjörutíu og þrisvar sinnum. Eftir hann liggur tónlist við rúmlega 200 kvikmyndir þar á meðal *Hringjarann í Notre Dame*, *Merki Zorros*, *Söng Bernadettu*, *Anastasiu*, *Dagbók Önnu Frank* og síðustu mynd hans *Airport* en allar eru þessar myndir í hópi þeirra sem voru tilnefndar til óskarsverðlauna. Newman útsetti og stjórnaði einnig tónlist annarra tónsmiða meðal annars tónlist Chaplins við *City Lights* og *Modern Times*. Þekktasta tónlist Alfreds Newman er eflaust kynningarstef 20th Century Fox-kvikmyndafélagsins sem hann samdi árið 1953.

VALKYRJUREIÐIN

Richard Wagner (1813–1883) er einkum frægur fyrir óperur sínar og skapaði sér sérstöðu með því að semja eigin óperutexta við tónlistina. Seinna þróaði hann óperuformið með hugmyndinni að hinu heildræna listaverki — Gesamtkunstwerk — sem fól í sér sameiningu tónlistar, leiklistar, dans, myndlistar, arkitektúrs og höggmyndalistar. Þessi fyrirætlan hans kemur berlegast fram í *Niflungabringnum* sem samanstendur af fjórum óperum sem taka samtals u.þ.b. fimmtán klukkustundir í flutningi og eru byggðar á Eddukvæðum og öðrum miðaldaskáldskap sem var einnig kveikjan að Hringadróttinssögu Tolkiens. Önnur óperan, *Valkyrjan*, fjallar meðal annars um ágirnd Óðins á hringnum, ástir Sigmundar og Sieglinde og fæðingu sonar þeirra, Sigurðar fáfnisbana, sem er aðalsöguhetja þriðju óperunnar í Niflungahring Wagners. *Valkyrjureiðin* gefur upptaktinn að 3. þætti óperunnar.

CARMEN — FORLEIKUR

Ein vinsælasta ópera allra tíma er *Carmen* eftir franska tónskáldið Georges Bizet (1838–1875). Hann samdi um ævina mörg píanóverk og sönglög en einnig hljómsveitar- og kórverk. Eftir hann liggja einnig 15 óperur en sumar þeirra hafa enn ekki verið fluttar. Þekktastar eru óperurnar *Perlukafarnir* og *Carmen* sem hann samdi árið sem hann lést. Sagan fjallar um Carmen — unga, djarfa og eggjandi sígaunastúlku sem vinnur í sigarettuverksmiðju og lætur sér fátt finnast um lög og reglur. Hún fær til fylgilags við sig hermann að nafni Don José en er fjöllynd í ástum og tekur brátt nautabanann Escamillo fram yfir hermanninn sem myrðir hana í afbrýðiskasti. Forleikur óperunnar er sérlega grípandi en í honum heyrst meðal annars söngur nautabanans.

EINE KLEINE NACHTMUSIK

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) er frægasta undrabarn sögunnar og almennt talinn einn mesti tónsnillingur sem uppi hefur verið. Óperur hans, sínfónúr, konsertar og kórverk eru lykilverk klassíska tímabilsins. Mozart byrjaði að leika á hljóðfæri aðeins þriggja ára gamall og fimm ára samdi hann sitt fyrsta tónverk. Leopold, faðir hans, þénaði fúlgur á hæfileikum sonar síns og fjölskyldan fór í langar tónleikaferðir víðsvegar um Evrópu. Hann var aufúsugestur konunga og aðalsmanna og lék meðal annars fyrir konungshjónin í Frakklandi og Englandi, keisaraynju Austurríkis og Klemens XIV páfa í Róm. Mozart samdi um ævina ríflega 600 tónverk, þar á meðal 41 sínfónú, fjölmargar óperur og einleikskonserta. Kvöldlokkuna *Eine kleine Nachtmusik* samdi Mozart árið 1787 og hefur hún æ síðan notið mikilla vinsælda.

FORLEIKUR AÐ ÓPERUNNI VILHJÁLMUR TELL

Gioacchino Rossini (1792–1868) bar höfuð og herðar yfir önnur óperutónskáld í upphafi 19. aldarinnar en öldin var sannkallað blómaskeið óperunnar. Hann fæddist í smábæ við Adríahaf, lærði í Bologna og samdi fyrstu óperu sína fimmtán ára gamall en óperurnar áttu eftir að verða 38 talsins. Þær nutu fádæma hylli og voru á fjöllum óperuhúsa um þvera og endilanga álfuna. Síðasta ópera Rossinis var *Vilhjálmur Tell*. Þegar óperan fór fyrst á svið var Rossini 37 ára gamall og samdi hann sáralítið eftir það. Hann lifði aftur á móti í vellystingum næstu fjörutíu árin enda mikill sælkeri og lífsnautnamaður. Enn er til frægur réttur sem ber nafn hans „Tournedos Rossini“ en hann samanstendur af sneiðum úr nautalund og gæsaliþrarkæfu á brauði. Forleikurinn að óperunni um svissnesku þjóðhetjuna Vilhjálm Tell er sannkallaður smellur sem hrifið hefur áheyrendur í hartnær 200 ár.

BÝFLUGAN

Nikolaj Rimskíj-Korsakov (1844–1908) fæddist í Tikhvin sem er borg 200 km fyrir austan Pétursborg. Hann var af aðalsættum sem lengi hafði verið í þjónustu hersins, einkum sjóhersins. Sex ára gamall hóf hann píanónám í heimabæ sínum og fyrstu tónsmíðar hans urðu til fjórum árum síðar. Rimskíj-Korsakov samdi um ævina litríka tónlist með framandi ívafi, til dæmis hljómsveitarsvítuna *Sheherazade* sem styðst við ævintýri úr Þúsund og einni nótt, og allmargar óperur sem byggðar eru á ævintýrum. Ein þeirra er *Sagan af Saltan keisara* en þar segir meðal annars af göldróttum svani sem breytir keisarasyningnum í býfluggu svo að hann geti flogið á fund föður síns sem telur hann týndan og tröllum gefinn. Óperan er flestum gleymd en stuttur hljómsveitarþáttur út henni lifir góðu lífi í *Býflugunni*.

SVERÐDANSINN

Aram Khatsjaturjan (1903–1978) var armenskt tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann byrjaði tónlistarnám sitt óvenju seint og var kominn á fertugsaldurinn þegar hann lauk prófi frá Tónlistarháskólanum í Moskvu. Fyrsta stóra hljómsveitarverk Khatsjaturjans var *Píanókonsertinn* (1936) sem gerði hann frægan á svipstundu. Í kjölfarið fylgdu fiðlu- og sellókonsert en meðal annarra mikilvægra verka er *Grimudansleikssvítan* og þrjár sínfóníur. Þá samdi Khatsjaturjan tónlist við 25 kvikmyndir. Í dag er hann þó einkum þekktur fyrir tónlistina við ballettana *Gayane* og *Spartacus*, sér í lagi *Sverðdansinn* úr fyrrnefnda ballettinum. Vorið 1951 kom Khatsjaturjan til Íslands og stjórnaði Sínfóníuhljómsveit Íslands á tvennum tónleikum í Þjóðleikhúsinu. Meðal verka á efnisskránni var *Grimudansleikssvítan* og svíta úr *Gayane*, þar á meðal *Sverðdansinn*.

STAR WARS

Stjörnustríðskvikmyndirnar átta njóta fádæma hylli og eru meðal vinsælustu kvikmynda allra tíma. Tónlist úr myndunum hefur í gegnum tíðina verið tíður gestur á efnisskrám Sínfóníuhljómsveitarinnar, einkum á skólatónleikum en einnig á sérstökum Star Wars-tónleikum. Þann 4. og 5. apríl næsta vor efnir hljómsveitin svo til bíótónleika þar sem fyrsta Stjörnustríðsmyndin frá 1977 verður sýnd undir lifandi flutningi Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Því er við hæfi að ljúka uppistandstónleikum Ara Eldjárn og Sínfó með Star Wars-tílitstefinu eftir John Williams.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

11. DES 19:30
BÍÓTÓNLEIKAR



SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

Pessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin sýnd við lífandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frímenn Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jórunn Viðar / Óskar Gíslason
Síðasti bærinn í dalnum

Samstarfsverkefni Kvikmyndasafns
Íslands og SÍ.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

27., 28. OG 29. SEPTEMBER 2018

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Dóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Pascal La Rosa
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Steiney Sigurðardóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Össur Ingi Jónsson

KLARÍNETT

Árgunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

SAXÓFÓN

Peter Tompkins

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

ÞÁKUR

Maarja Nuut

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4. APR 19:30

5. APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR

STAR WARS

John Williams hefur samið tónlistina við allar Stjörnustríðsmyndirnar. Litrík og glæsileg tónlistin á stóran þátt í vinsældum myndanna enda hefur Williams sópað til sín verðlaunum fyrir verk sitt. Alls notar hann um 50 stef sem snúa aftur og tengjast ákveðnum persónum eða kringumstæðum, rétt eins og Richard Wagner gerði í óperum sínum meira en 100 árum fyrr. Í upphaflegu myndinni frá 1977 lék Sinfóníuhljómsveit Lundúna tónlistina, en á þessum tónleikum verður myndin sýnd við lifandi flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þetta eru tónleikar sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ted Sperling hljómsveitarstjóri

John Williams / George Lucas
Star Wars

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

